



## Umhverfisnefndarfundur 24. febrúar 2017

Fundarritari: Anna Steinunn Þengilsdóttir

Mætt: Sigurbjörg verkefnisstjóri og fulltrúi Tjarnahóls, Sigríður fyrir Sunnuhvol, Anna Steinunn fyrir Fífilbrekku, Marzena fyrir Vökuvelli, Þórhalla fyrir Búðargil. Allir nefndarmenn mættir nema Ella frá Huldusteini. Fulltrúar elstu barna sátu fundinn: Egill og Daðey frá Sunnuhvoli og Alexander og Friðrik frá Fífilbrekku.

Fundurinn hófst á því að Sibba bauð allavelkomna á fundinn og sérstaklega fulltrúa elstu barna. Fyrsti hluti fundarins fór í að ræða við börnin um eftirfarandi atriði:

1. Hvað er umhverfi og hvað gerir umhverfisnefnd?
  - Passa jörðina okkar og hugsa um umhverfið.
2. Hvernig getum við passað náttúruna okkar?
  - Fara í ferðir og vera dugleg að týna rusl.
3. Hvað er mest gaman að gera í áttahagaverkefninu okkar?
  - Vinna með gamla tímam þar sem Sunnuhvoll og Fífilbrekka voru einu sinni.
4. Hvað langar ykkur mest að gera í umhverfisnefnd?
  - Hugsa vel um jörðina okkar og týna rusl.
5. Hvernig getið þið minnt krakkana á ykkar deild að passa umhverfið?
  - Minna krakkana á að það þarf mörg tré til að búa til pappír og við þurfum að spara pappírinn. Ef of mörg tré verða tekin þá minnkar súrefnið í loftinu.
6. Hvernig getum við komið skilaboðum til foreldra að passa umhverfið? Segið þið foreldrum ykkar frá verkefnum ykkar og hvað þið gerið í leikskólanum til að æfa ykkur að fara vel með náttúruna?
  - Við viljum minna foreldra á að drepa alltaf á bílnum sínum.
  - Já við segjum þeim hvernig við æfum okkur í að tína rusl og margt fleira.
  - Við erum sammála um að allir í leikskólanum geri merki til að gefa foreldrum sínum til að hafa í bílnum sem minnir þau á að drepa á honum. Aeinu sinni voru svona merki gerð á Naustatjörn og okkur finnst tímabært að gera þau aftur.
7. Fara yfir gátlistann um landslag og áttaha.
  - Farið yfir gátlistann og börnunum sýnt hvernig við förum að því að vinna hann. Elstu deildir fá þennan lista til að vinna með og skila honum svo af sér til Sibbu sem setur hann í grænfánaskýrsluna okkar.

Eftir góðann fund með börnunum viku þau af fundi og fóru til sinna verka. Við þökkum þeim vel fyrir öll frábæru svörin og áhugann.

Við ræddum um hvernig við getum farið að því að virkja samfélagið og foreldra með okkur og vakið athygli þeirra á því hvað við erum að gera hér í leikskólanum í umhverfismálum.

Hvað segja deildir um sýningu á Glerártorgi? Hvað eigum við að gera til þess að koma þessu út í samfélagið og gera sýnilegt það sem við erum að gera? Einhverjar deildir eru með efni á sýningu og aðrar eru með efni í vinnslu svo okkur ætti ekki að vera neitt að vanbúnaði að hafa sýningu. Höfum samband við deildarstjóra deildanna í húsinu og fáum viðbrögð.

Næsta verkefni okkar? Skólinn er búinn að taka fyrir; úrgang, rusl (endurvinnsla), moltugerð, vatn, samgöngur og átthaga. Það sem er eftir er; orka, lýðheilsa, landslag, lífbreytileiki, loftslagsbreytingar, staðardagskrá 21. Við erum sammála um að taka næst lýðheilsu og okkur finnst það spennandi kostur þar sem margt sem við erum að gera dags daglega tengist inn á það og verðum spennandi að tengja vinnu okkar við Lýðheilsu og sjá hvað kemur út úr því.

Aðeins imprað á náttúrveggnum góða sem virðist alveg vera týndur eftir að hann var tekinn niður s.l. sumar þegar málað var. Enginn hefur orðið var við neitt og ekkert fundist. Við ætlum að spyrjast fyrir á kennarafundinum sem er í dag og kynna einnig merkin í bílana fyrir foreldra.